



## MINNISBLAÐ

18.10.2023

### Haftengd upplifun

### framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Reykjavíkurborg hefur tækifæri til að leggja til umsókn í framkvæmdasjóð ferðamannastaða með verkefni haftengdrar upplifunar sem eru nú þegar í áfangastaðaáætlun höfuðborgarsvæðisins 2023-2026.

Áfangastaðaáætlun er heildstætt ferli þar sem litið er til skipulags og samhæfingar í þróun og stýringu allra þeirra þátta sem geta haft áhrif á upplifun ferðamanna á viðkomandi svæði/áfangastað, þ.m.t. þarfir gesta, heimamanna, fyrirtækja og umhverfis. Áfangastaðaáætlun er sameiginleg stefnuýfirlýsing sem hefur það að markmiði að stýra uppbyggingu og þróun svæðis yfir ákveðinn tíma, skilgreina hlutverk hagsmunaaðila, tiltaka beinar aðgerðir sem hver og einn hagsmunaaðili ber ábyrgð á og hvaða þjargir/auðlindir þeir hyggjast nýta við þá vinnu. Mikilvægt er að hafa í huga að áfangastaðaáætlun tekur á skipulagi, þróun og markaðssetningu svæðis auk þess sem að skilgreindar eru þær leiðir sem fyrirhugað er að fara við stýringu á hinum ýmsu ferlum sem ráða þróun atvinnugreinarinnar innan svæðisins: uppbyggingu, efnahagslegu vægi, þjónustupáttum o.s.frv.

Við getum því unnið umsókn í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða fyrir árið 2024, verkefni innan áfangastaðaáætlunar sem sótt er um í framkvæmdasjóðinn eiga betri möguleika á að fá styrk frá framkvæmdasjóðnum.

### Upplýsingar um sjóðinn:

Sjóðnum er heimilt að fjármagna framkvæmdir er snúa að:

- Öryggi ferðamanna.
- Náttúruvernd og uppbyggingu.
- Viðhaldi og verndun mannvirkja og náttúru.
- Fjármögnun undirbúnings- og hönnunarvinnu sem er nauðsynleg vegna áðurgreindra framkvæmda.

Lagt er til að verkefni falli undir umsókn 1 innan framkvæmdasjóðs:

## 1. Þjónusta/aðstaða á ferðamannastað eða ferðamannaleið:

- Verkefni á stað, sem ekki er nú þegar skilgreindur sem ferðamannastaður en viðkomandi hefur áhuga að gera hann að slíkum - ný uppbygging.
- Nýja þjónustu eða aðstöðu á þegar skilgreindum ferðamannastað. Framkvæmdin mun auka afköst staðarins/svæðisins og/eða tengist öryggi eða náttúruvernd.

Innan áfangastaðaáætlunar höfuðborgarsvæðisins 2023-2026 eru eftirtalin verkefni haftengdrar upplifunar:

### Verkefni 7: Laugarnestangi

Bætt aðgengi að strandlengju Reykjavíkur, borgargarður höfuðborgarbúa, og aðstaða til haftengdrar upplifunar á Laugarnestanga fyrir alla, ferðamenn og borgarbúa.

### Verkefni 8: Fuglaskoðunarhús í Blikastaðaskóg

Fuglaskoðunarhús á nýlega umhverfisvernduðu svæði í Blikastaðakró. Hluti af því að byggja upp fleiri segla ferðaþjónustu innan borgarinnar. Góð tenging við Grafarvog og nýtt uppbyggingarhverfi í Gufunesi.

Umsókn í sjóðinn er mjög ítarleg og kostar töluverða vinnu, kostnaðarmeta þarf til að mynda verkefni. Hugmynd er því að fá utanaðkomandi ráðgjöf til að annast umsóknina til að bæta möguleika okkar á styrk fyrir verkefnum.

Verkefnastjóri deildar borgarhönnunar vinnur forsendur og stýrir verkefninu. Samráð þarf að hafa við mismunandi hagaðila áður en umsókn er unnin.

### Hugmynd fyrir umsóknirnar:

Laugarnestangi: Deiliskipulag og forhönnun svæðis.

- *Að gefnu samráði við m.a. Skipulagsfulltrúa, Byggingafulltrúa, Náttúru og garða og deild opinna svæða.*

Blikastaðakró: Deiliskipulag og forhönnun svæðis.

- *Að gefnu samráði við m.a. Skipulagsfulltrúa, Byggingafulltrúa, Náttúru og garða, deild opinna svæða og Fuglavernd.*

Virðingarfyllt

Rebekka Guðmundsdóttir

Borgarhönnuður

## Hafteynd upplifun og útivist - Laugarnes

Tækifæri	2024	2025	2026
<p><b>1. Forgangur</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Hægt að fanga hugarró í ónortinni náttúru</li> <li>2. Tangarnir eru áskækkir en tengast saman með göngustíga</li> <li>3. Selja skilti um sögu svæðisins, minjar, fuglategundir og sjaldgæfar plöntutegundir</li> </ol>	<p>Tangarnir þrjú</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. tanginn - hanna viðverusvæði/andrymi með bekkjum</li> <li>2. tanginn - Forsendur hugmyrðasamkeppni um hugleidsúrými. Hönnun sem fellur vel að umhverfinu og samsítt sögu svæðisins</li> <li>3. tanginn - hanna viðverusvæði/andrymi með bekkjum</li> </ol> <p>Hanna þarf með hugsjón um algilda hönnun, einnig eru margir ferðamenn sem fara um svæðið vegna skemmtiferðaskipa sem leggja að landi þarna skammt frá. Kjörð er að leiða ferðamenn um þetta svæði sem og þá sem óska eftir hugarró og kyrrð</p>	<p>Tangarnir þrjú</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. tanginn - frankvæn viðverusvæðis og bætis yfirborðs göngustíga.</li> <li>2. tanginn - hugmyrðasamkeppni um hugleidsúrými.</li> <li>3. tanginn - frankvæmd viðverusvæðis.</li> </ol> <p>Hanna þarf með hugsjón um algilda hönnun, einnig eru margir ferðamenn sem fara um svæðið vegna skemmtiferðaskipa sem leggja að landi þarna skammt frá. Kjörð er að leiða ferðamenn um þetta svæði sem og þá sem óska eftir hugarró og kyrrð</p>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. tangi tvö. Frankvæmd hugleidsúrýmis</li> </ol>

# Haftengd upplifun og útivist - Bilkastaðakró, Gorník og Eiðsvík

Tækifæri

2025-2026

1. Forgangur	
<p>Gorník og Bilkastaðakró</p> <ol style="list-style-type: none"><li>1. Bæta og byggia upp stíga að og um svæðið</li><li>2. Koma fyrir stíga niður í fjöruna</li></ol>	<ol style="list-style-type: none"><li>1. Hanna endurbætur á stígum sem liggur um frekar blautt svæði. Gæta þess að stígurinn verði ekki áberandi í núverandi landslagi</li><li>2. Hanna öruggan stíga sem liggur niður í fjöru, mikilvægt að hönnun sé ekki áberandi heldur falli vel að núverandi landslagi</li></ol>
2. Forgangur	
<p>Gorník og Bilkastaðakró</p> <ol style="list-style-type: none"><li>1. Fuglaskoðunarhús</li><li>2. Meta stækkun á bilastæðinu við Gorník</li><li>3. Áningastaður sem raskar ekki náttúrunni og er ekki óáfturkræfar framkvæmd</li><li>4. Útsýnisskífa fyrir fjallahninginn</li></ol> <p>Eiðsvík</p> <ol style="list-style-type: none"><li>1. Bætt stígakerfi að strönd Gurlunes</li><li>2. Bætt aðgengi niður í strandir</li><li>3. Uppbygging dvalarsvæðis á Klappsvör</li><li>4. Bætt algild hönnun</li></ol>	<p>Gorník og Bilkastaðakró</p> <ol style="list-style-type: none"><li>1. Hönnunarsamkeppni um fuglaskoðunarhús sem fellur vel að landslaginu og ásynd þess truflar ekki heildarásynd svæðisins</li><li>2. Hanna og lagfæra núverandi bilastæði við matjurtargarðana</li><li>3. Hanna útsýnisskífu fyrir það stórbrötna landslag sem sést frá Gorník</li></ol> <p>Eiðsvík</p> <ol style="list-style-type: none"><li>1. Hanna bætt stígakerfi um svæðið sem og strandir gæta þarf að stígurinn falli vel að landslagi og meta þarf lýsingu með tilliti til öryggis og ásyndar</li><li>2. Algild hönnun höfð að leiðarljósi í allri hönnun á stígum og dvalarsvæðum eins og á Klappsvör</li><li>3. Fullvinnna verkhönnun og útboðsgögn</li></ol>